

# Skíðagöngufélagið Ullur

## Fundargerð stjórnar



**Dagsetning:** 5. feb. 2024. kl. 18:00-19:30

**Staðsetning:** Controlant. Hlíðarsamára.

**Mætt voru:** Baldur Helgi Ingvarsson (BHI), Bergþóra Baldursdóttir (BB), Íris Marelsdóttir (ÍM) fundaritari, Málfríður Guðmundsdóttir (MG), Trausti Árnason (TÁ). Ari Wendel og Sigrún Melax boðuðu forföll.

### Málefni fundar

- Fundargerð frá 8. jan lögð fram til samþykktar.** Samþykkt.
- Skíðagöngudagur til fjáröflunar** verður sunnudaginn 25. febrúar, ef veður leyfir. Stjórn er sammála að vera tilbúin þá og bjóða upp á opið hús í nýjum skála og dagskrá á gönguskíðasvæði. TÁ upplýsir skíðasvæði og kallar eftir samvinnu s.s. að frítt verði í braut þennan dag. Allir sem geta hittast á laugardaginn 10. feb 12-16 og færa búnað yfir í nýja skála. ÍM sér um kaffið og það sem því tilheyrir.
- Nýr skáli, sjá meðfylgjandi greinargerð.**
- Formleg opnun vs. vígsla.** Hefja þarf notkun á skálanum þó formleg opnun verði síðar. Stjórn er sammála um að skálinn er einnig fyrir utanbrautarskíðafólk og fjallaskíðafólk. Lista þarf upp helstu hópa og upplýsa þá í kjölfarið. ÍM gerir skrá yfir þessa hópa.
- Bláfjallagangan, setja markaðsherferð í gang og hefja lokaundirbúning.** Örfundur verða í hádeginu á föstudögum fram að skíðagöngudegi og eftir atvikum lengur. Þá verður tekin staðan á útistandandi verkefnum.
- Húfur Ullunga.** BHI fer í GG sport og hvort það komi til greina að panta húfur.
- Það vantar posa í skálann.** Stjórn er samála um að posi þarf að vera í skálanum. TÁ biður gjaldkera að fara í málið. Kanna með netkort.
- Hópefli vinnustaða er hugmynd að fjáröflun Ullar.** Bjóða fyrirtækjum upp á skíðahópefli starfsmanna. Þrjár starfsmenn frá Ulli þarf í svona verkefni í hvert sinn. Tveir í braut og einn í skála við að afhenda búnað, gera kaffi ofl. Umræða.
- Önnur mál,**
  - Sporið.is.** Hvernig tengjumst við Sporinu betur. Umræða
  - Kalla eftir fundi um Bláfjallagöngu 2024 með ábyrgðaraðila.** Fara yfir öll verkefni. Samþykkt að bjóða mótaefnd Ullar á næsta stjórnarfund. TÁ boðar.

Fundi slitið kl. 20:15